

## MINNISBLAÐ

---

### SKJALALYKILL

---

7511-001-MIN-002-V01

### DAGS.

---

05.07.2021

### SENDANDI

---

Anna Bragadóttir  
Ásgeir Jónsson

### VERKHEITI

---

Hnotasteinn - skipulagsmál

### VERKKAUPI

---

Qair Iceland ehf.

### DREIFING

---

Gaukur Hjartarson (Norðurþing)

### MÁLEFNI

---

Drög að aðalskipulagsbreytingu Norðurþings vegna iðnaðarsvæðis á Hólaheiði. Samantekt á innkomnum athugsemdum við kynnt gögn.

### ATHUGASEMDIR BÁRUST FRÁ EFTIRTÖLDUM AÐILUM

1. Guðmundur Örn Benediktsson, Kópaskeri
2. Halldóra Gunnarsdóttir, Kópaskeri
3. Ferðafélagið Norðurlóð
4. Torfi Ólafur Sverrisson, Kópavogi
5. Guðmunur Baldursson, Kópaskeri
6. Þórný Barðadóttir, Eyjafjarðarsveit
7. María Hrönn Gunnarsdóttir, Reykjavík
8. Hrönn G. Guðmundsdóttir, Hafnarfirði
9. Ágústa Ágústsdóttir, Kelduhverfi

10. Rannsóknarstöðin RIF
11. Jennifer Patricia Please og Árni Björn Jónsson, Núpasveit
12. Þorsteinn Sigmarsson og Eiríkur Jóhannsson, Blikalóni
13. Dagbjartur Bogi Ingimundarson og Rafn Ingimundarson, Brekku
14. Landvernd
15. Norðurhjari - ferðaþjónustusamtök

### Athugasemdir við drög að aðalskipulagsbreytingu

Í töflunni hér fyrir neðan eru tekin saman efnisleg atriði athugasemda við kynnt drög og sett fram viðbrögð Norðurþings við þeim atriðum.

NR.	AÐILAR	ATHUGASEMD	STIKKORÐ
1	Guðmundur Örn Benediktsson	<ul style="list-style-type: none"> <li>a) Meta þarf hvort Grænlandsflug heiðargæsa ógni rekstraröryggi vindorkuvers</li> <li>b) Vindorkuver er á vatnasviði vatnsverndarsvæðis. Ef vatn spillist leggst matvælaframleiðsla tafarlaust af. Meta þarf hættu áður en ákvörðun er tekin um verkefnið.</li> <li>c) Félagslegt og menningarlegt rof gæti hlotist af byggingu og rekstri vindorkuvers og leitt til sundrunar í samfélaginu.</li> <li>d) Nýjar raflínur sem tengja svæðið við meginflutningskerfi raforku í landinu þarf að meta með vindorkuverinu sem órjúfanlega heild.</li> <li>e) Framkvæmdaraðili hefur sækist eftir leyfi á níu stöðum á landinu. Þessir níu virkjanarkostir hitta fyrir samfélög í íslensku dreifbýli sem árum saman hafa verið í vörn og skortir faglega leiðsögn. Alþingi og ríkisstjórn hafa brugðist og ekki lagt línurnar varðandi möguleg virkjunarsvæði vindorku í landinu. Sýnir það félagslega ábyrgð að kasta fram öllum þessum hugmyndum? Hæfi fyrirtækisins þarf að meta.</li> <li>f) Hefðu Þingeyingar getað notað 3 milljarða betur í atvinnuuppbyggingu heldur en í Bakka? Eru félagsleg áhrif af rekstri kísilversins á Bakka eftirsóknarverð?</li> <li>g) Umskipti verða á ásýnd landsins og hefur áhrif á upplifun fólks á því svæði öllu.</li> <li>h) Strax hefði átt að vísa umsókn um vindorkugarð frá með þeim auglósu rökum að Alþingi og ríkisstjórn hefðu ekki vísað leið varðandi virkjun vindorku á Íslandi.</li> <li>i) Vindorkuver verður að meta í ferli sem er hliðstætt rammaáætlun um virkjanakosti.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Fuglar</li> <li>Vatnsvernd</li> <li>Félagsleg áhrif</li> <li>Flutningskerfi</li> <li>Rammaáætlun</li> <li>Ávinningur</li> <li>Ásýnd</li> </ul>
2	Halldóra Gunnarsdóttir	<ul style="list-style-type: none"> <li>a) Röskun víðernis skerðir ferðamennsku</li> <li>b) Framkvæmdum og iðnaðarstarfsemi í nágrenni við vatnsverndarsvæði er mótmælt.</li> <li>c) Erlendir aðilar í strórfelldri orkuvinnslu á Íslandi í stuttan tíma með gríðarlegum fórnarkostnaði og óbætánlegri eyðileggingu á náttúru og víðernum er galin hugmynd.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Víðerni</li> <li>Ferðamennska</li> <li>Náttúra</li> </ul>
3/3B	Ferðafélagið Norðurslóð	<ul style="list-style-type: none"> <li>a) Ósnortin víðerni eru eftirsóknarverð fyrir göngu- og útivistarfólk.</li> <li>b) Sjónræn áhrif verða mikil og hafa áhrif á útivist og upplifun gesta í mikilli fjarlægð.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Víðerni</li> <li>Ferðamennska</li> </ul>

		<p>c) Eyðilagt verður gott skíðasvæði þar sem finna má samfellda snjóþekju þó snjór sé að hverfa á láglandi.</p> <p>d) Líklegt er að hljóðmengun verði talsverð sem hefur áhrif á útivistarfólk og upplifun þess.</p> <p>e) Áhersla er lögð á að hin forna þjóðleið Hólsstígur verði ekki raskað en félagið hefur skipulagt ferðir eftir Hólsstígnum og hyggst halda því áfram.</p> <p>f) Á aðalfundi félagsins var skorað á sveitarstjórn Norðurþings að samþykkja ekki fyrirhugaðar breytingar nema að undangenginni ýtarlegri kynningu á orkuverinu fyrir íbúa sem næst búa og athugun á hug þeirra til uppbyggingar þess.</p>	Skíðasvæði Hljóðmengun
4	Torfi Ólafur Sverrisson	<p>a) Ekki kemur fram hvernig þessi breyting muni nýtast sveitarfélaginu eða nærsamfélaginu. Norðurþing þyrfti að marka sér stefnu og útfæra tillögur hvað það varðar þegar svona stórtækar breytingar eru annars vegar.</p> <p>b) Breytingin krefst ítarlegrar skoðunar hvað umhverfisáhrif varðar. Hvers vegna er ekki gerð sú krafa um að umhverfisáhrifin liggi fyrir áður en lögð er fram tillaga um breytt aðalskipulag?</p> <p>c) Áhrif á fuglalíf liggur ekki fyrir.</p> <p>d) Jarðmyndanir eins og eldhraun nýtur vagnar skv. náttúruvernarlögum en svæðið er ofaná eldhrauni. Ekki liggur fyrir hvort svæðið hafi að geyma einhverjar jarðmyndanir sem taka þar tillit til.</p> <p>e) Ekkert hættumat er að finna gagnvart vatnsverndarsvæðinu</p> <p>f) Áhrif verðurfars liggur ekki fyrir.</p> <p>g) Sjónræn áhrif verða gríðarleg. Spurning um hversu mikil neikvæðu áhrifin verði fyrir kynningu svæðisins fyrir áfangastað fyrir ferðamenn.</p> <p>h) Ekki virðist vera neinn verulegur ávinningur fyrir Norðurþing eða íbúa þess með fyrirhuguðum breytingum.</p> <p>i) Sveitarstjórn er hvött til að falla frá hugmyndum um vindorkuver á Hólaheiði.</p>	Ávinningur Umhverfisáhrif Fulgar Jarðmyndanir Vatnsvernd Ásýnd
5	Guðmundur Baldursson	<p>a) Mótfallin því að víðerni séu eyðilögð með þessum hætti</p> <p>b) Getur ekki séð að þetta komi þeim á nokkurn hátt til góða</p> <p>c) Mun fæla burtu ferðamenn</p> <p>d) Ekki er þörf á orkunni</p>	Víðerni Ávinningur Ferðamennska Orkuþörf
6	Þórný Barðadóttir	<p>a) Sett er fram spurning um reynslu og þekkingu framkvæmdaraðila</p> <p>b) Ekki voru fulltrúar Norðurþings með framsögu. Fundurinn getur því vart talist kynning á forsendum og fyrirætlunum sveitarfélagsins.</p> <p>c) Ekki hefur verið haldinn kynningarfundur í nærsamfélaginu og deilt er á lélega auglýsingu skipulagsbreytingarinnar.</p> <p>d) Ekkert hefur komið fram um að orkuframleiðslan væri hugsuð til notunar á svæðinu.</p> <p>e) Virði svæðisins liggur í fjölbreyttu fuglalífi, ósnortinni náttúru, kyrrð og víðerni, birtu á sumrin og myrkri á veturna. Gríðarleg neikvæði áhrif verður af fyrirhuguðum mannvirkjum.</p> <p>f) Vísað er í fundargerð Borgarbyggðar þann 10.06.2021 þar sem sveitarstjórn hafnar frekari skipulagsvinnu vegna vindmylla og vísar málinu í endurskoðun aðalskipulags þar sem unnin verði stefnumótun um nýtingu vindorku í sátt við íbúa sveitarfélagsins. Bréfitari tekur undir með þau sjónarmið.</p>	Framkvæmdaraðili Kynning Orkuþörf Umhverfisáhrif Stefnumótun
7	María Hrönn Gunnarsdóttir	<p>a) Vindmyllur eru sagðar 34 í MÁU en um 40 í aðalskipulagsbreytingu, ósamræmi sem er ekki traustvekjandi.</p> <p>b) Efast er um að vindorkuver sé svo brýnt að það borgi sig ekki að bíða þar til umræður um þau hafi farið fram í samfélaginu og Alþingi.</p> <p>c) Framkvæmdin hefur neikvæði áhrif á umhverfi og sátt í samfélaginu.</p> <p>d) Hvernig getur iðnaðarsvæði með hugsanlegri mengun og búvöruframleiðsla farið saman? Hvernig á að rökstyðja sölu á kjötafurð á markaði þar sem æ ríkari kröfur eru gerðar til sjálfbærni og hreinleika?</p> <p>e) Þeim fullyrðingum um heppilega staðsetningu vindorkuversins er hafnað vegna nálægðar við vatnsból og ferðaþjónustu/útivistarsvæða.</p>	Fjöldi vindmylla Rammaáætlun Félagsleg áhrif Umhverfisáhrif Landbúnaður Vatnsból Ferðamennska Hljóðvist

		<p>f) Lítið er fjallað um hljóðvist og skuggaflökkt.</p> <p>g) Í skipulagsgögnin skortir upplýsingar og gerð er athugasemd við að sveitarfélagið veiti almenningi ekki rýmri frest til athugasemda.</p> <p>h) Tekið er undir athugasemdir stjórnar Landverndar sem hvetur aðila til að halda að sér höndum þar til rammaáætlun hefur verið staðfest.</p> <p>i) Ekki er raforkuskortur á landinu og því kalli brýnir hagsmunir ekki á framleiðslu á frekari raforku.</p> <p>j) Það er ekki í þágu hagsmuna íbúa sveitarfélagsins að fórnra gæðum sveitarinnar fyrir erlent orkufyrirtæki.</p> <p>k) Virða skal þá staðreynd að Ní hefur tilnefnt svæðið í B-hluta náttúruinjaskrár.</p> <p>l) Óafturkræft jarðrask verður á vernduðu hrauni.</p> <p>m) Eðlilegt er að svæðið, fólk og dýr njóti vafans þar til búið er að raða virkjunarkostum á grundvelli rammaáætlunar.</p>	<p>Skuggaflökt</p> <p>Ásýnd</p> <p>Orkupörf</p>
8	Hrönn G. Guðmundsdóttir	<p>a) Ásýnd af mjög stóru svæði, mikil andstaða við önnur mannvirki og náttúruleg fyrirbæri. Einnig munu ljós hafa áhrif í myrkri og greina þarf sjónræn áhrif í myrkri líka.</p> <p>b) Vindorkuverinu fylgja sárafá störf. Mögulega fæli framkvæmdin fólk í burtu af svæðinu og dregur úr aðdráttarafli þess sem ferðamannasvæðis.</p> <p>c) Rörsýni að líta einungis á fermetrana sem fara undir vindmyllurnar sem raskað land því þær munu breyta heildarsvipmóti landsins.</p> <p>d) Ekki er rökstuðningur á brýnni nauðsyn á raski verndaðs nútímahrauns og svæðis tilnefnd á B-hluta náttúruinjaskrár. Er fórnarkostnaður réttlætanlegur fyrir virkjun sem engin þörf er á?</p> <p>e) Ekki er orkuskortur og ekki er þörf á að auka framboð endurnýjanlegrar orku á landinu. Mögulegt er að framleiða meiri raforku en ekki má rugla því saman við nauðsyn eða þörf.</p> <p>f) Gróðinn af vindorkuverinu mun ekki falla í skaut fólksins á Kópaseri eða nærsveitum heldur erlends fyrirtækis.</p> <p>g) Þörf er á að efla raforkuöryggi með betra flutnings- og dreifikerfi en vindorkuver tekur ekki á þeim vanda.</p> <p>h) Er ekki þörf á að marka svo stórum iðnaðaði stefnu ef markmiðið er að virkja í sátt við náttúru og samfélag eins og segir í Landsskipulagsstefnu?</p> <p>i) Bréfritari mótmælir því að Norðurþing samþykki fyrirhugaða breytingu á aðalskipulagi.</p>	<p>Ásýnd</p> <p>Ferðamennska</p> <p>Umhverfisáhrif</p> <p>Orkupörf</p> <p>Ávinningur</p> <p>Dreifikerfi</p>
9	Ágústa Ágústsdóttir	<p>a) Ekki er skilyrt að nýta raforkuna í heimabyggð.</p> <p>b) Framkvæmdin skapar ekki nema sárafá störf.</p> <p>c) Mikil ásýndaráhrif verða af vindmyllunum</p> <p>d) Svæðið er mikilvægt fuglasvæði</p> <p>e) Ferðamannasvæði verða fyrir áhrifum</p> <p>f) Ekki var talið að nægjanleg gögn hefðu fylgt umsókn í rammaáætlun og ætti það að vera ákveðinn fallþunga með sér við úrvinnslu og ákvarðanatöku.</p> <p>g) Ekki er fjallað um hljóðmengun</p> <p>h) Gríðarlegt rask verður á ósnortnum víðernum sveitarfélagsins</p> <p>i) Hvað verður eftir líftíma vindmyllugarðsins?</p> <p>j) Skorað er á sveitarstjórn að taka önnur sveitarfélög eins og Hörgárbyggð og Borgarbyggð til fyrirmyndar og hafna mögulegum vindorkugarði á Hólaheiði.</p>	<p>Ávinningur</p> <p>Rammaáætlun</p> <p>Ásýnd</p> <p>Hljóðvist</p> <p>Víðerni</p> <p>Líftími</p>
10	Rannsóknarmiðstöðin RIF	<p>a) Melrakkaslétta er einstök á landsvísi og ber sterk einkenni norðurslóða. Áhugi á norðurslóðum og vitneskja um mikilvægi þeirra er eflist til muna. Þetta býður uppá m.a. náttúrutengda ferðamennsku, náttúruvernd, rannsóknur og vöktun á vistkerfi norðurslóða.</p> <p>b) Melrakkasétta getur hæglega orðið þungamiðja norðurslóðarannsóknna á Íslandi og miðar framtíarsýn Rifs að því.</p> <p>c) Neikvæði umhverfisáhrif verða með vindorkuveri og mun hafa afgerandi áhrif á heildarsvipmót Melrakkasléttu og möguleikum svæðisins til norðurslóðarannsóknna og ber að taka með þegar áhrif vrikunarinnar eru metin.</p>	<p>Ásýnd</p> <p>Ferðamennska</p> <p>Umhverfisáhrif</p> <p>Norðurslóðir</p>

11	Jennifer Patricia Please og Árni Björn Jónsson	<ul style="list-style-type: none"> <li>a) Mikil neikvæð umhverfisáhrif verða af framkvæmdinni</li> <li>b) Mikil neikvæð áhrif verða á ferðamennsku en ferðamenn sækjast eftir að skoða afsækt svæði með einstaka fuglaflóru og heimskautagróður.</li> <li>c) Nágrenni svæðisins við vatnsból er áhyggjuefni og áhrif örplasts á það.</li> <li>d) Fuglalíf er sett í hættu, sér í lagi rjúpa og fálkinn</li> <li>e) Hver eru áhrif íslensks veðurfars á vindmyllurnar?</li> <li>f) Ekki eru til upplýsingar um áhrif vindmyllanna á sauðfé og verður bann við notkun dróna til að smala á svæðinu?</li> </ul>	Umhverfisáhrif Ferðamennska Fuglar Verðurfar Búfé
12	Þorsteinn Sigmarsson og Eiríkur Jóhannsson	<ul style="list-style-type: none"> <li>a) Svæðið er viðkvæmt norðurslóðasvæði og er tiltölulega ósnortið sem hefur gildi sem slíkt til framtíðar. Áformin munu rýra gildi svæðisins sem slíks.</li> <li>b) Fjölbreytt fuglalíf, svo sem ernir og fálkar sjást víða til viðbótar við rjúpur og mófugla. Verðmæti jarðar bréfitara, Blikalóns, felst í sterkum tengslum við náttúruna, m.a. dúntekja.</li> <li>c) Breyting á aðalskipulagi er kostuð af framkvæmdaraðila</li> <li>d) Lítið er gert úr neikvæðum áhrifum á svæðið í heild.</li> <li>e) Skortur er á upplýsingum um sjónræn áhrif.</li> <li>f) Samráð eða samtal við eigendur Blikalóns hefur ekki farið fram.</li> <li>g) Undirbúa þarf breytingu á aðalskipulagi af meiri kostgæfni.</li> </ul>	Norðurslóðir Umhverfisáhrif Fuglar Ásýnd Hljóðvist Samráð
13	Dagbjartur Bogi Ingimundarson og Rafn Ingimundarson	<p>Efnislegar athugasemdir eru eftirfarandi:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>a) Stórfelld umhverfisspjöll – eyðilegging íslenskrar náttúru</li> <li>b) Stórfelld lýti á ásýnd víðáttu Melrakkasléttu</li> <li>c) Vindmyllur verða ný framandi kennileiti innan víðerna Melrakkasléttu</li> <li>d) Einstakri lítt snortinni vistheild raskað og stórbrotnu landslagi Melrakkasléttu spillt</li> <li>e) Rýrnun á gæðum myrkur sí skammdeginu rýrir um leið töfra Melrakkasléttu</li> </ul> <p>Athugasemdir eru gerðar undir eftirfarandi fyrisögnum, fjölmargar spurningar eru settar fram:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>f) Undirbúningur vegna breytingar á gildandi aðalskipulagi og framsetning efnisatriða. – kynnt gögn eru ófullnægjandi.</li> <li>g) Breytt stefna Norðurþings í orkumálum – hver er stefna sveitarfélagsins varðandi vindorkuver, hvaða kostir voru skoðaðir og hver er ávinningurinn?</li> <li>h) Breytt stefna Norðurþings í vatnsverndarmálum – vindorkuver á Hólaheiði er ógn við vatnsból.</li> <li>i) Náttúrminjar, vistkerfi og vistgerðir – Griðarstaður fugla – svæðið er mikilvægt fuglasvæði sem mun hljóta skaða af vindmyllum.</li> <li>j) Nútímahraun á Hólaheiði – svæðið nýtur verndar skv. náttúruverndarlögum.</li> <li>k) Stefna sveitarfélagsins Noðurþings í atvinnuuppbyggingu og ferðaþjónustu – vaxandi atvinna er af ferðaþjónustu sem skartar óspilltri náttúru sem mun taka miklum breytingum við framkvæmdina.</li> <li>l) Stefna sveitarfélagsins varðandi náttúruvernd – kallað er eftir stefnu sveitarfélagsins um að vernda þá náttúru sem fyrir er.</li> <li>m) Einkahagsmunir og almenningshagsmunir – landeigendur á Hólaheiði hagnast á uppbyggingunni en aðrir geta borið skaða af.</li> <li>n) Neikvæð grenndaráhrif – uppbyggingin mun leiða af sér sjónmengun, hljóðmengun, jarðrask og önnur mannvirki og ljósmengun.</li> <li>o) Fordæmisgildi og framtíðarsýn – velt er upp spurningu um fordæmisgildi. Þegar komnar eru 40 vindmyllur á staðinn mun stjórnslan þá taka undir fjölgun þeirra enn frekar?</li> </ul>	Umhverfisáhrif Fuglar Ásýnd Hljóðvist
14	Landvernd	<ul style="list-style-type: none"> <li>a) Talið er að fjalla beri um og meta hugmyndir um vindorkuver á grundvelli rammaáætlunar.</li> </ul>	Rammaáætlun

		<ul style="list-style-type: none"> <li>b) Ef hugmynd að vindorkuveri hefur verið send til verkefnastjornar hafa upplýsingar ekki uppfyllt þær kröfur sem gerðar eru ti að taka virkjunarhugmynd til mats í rammaáætlun.</li> <li>c) Vindorkuver mun hafa stórfelld umhverisspjöll í för með sér.</li> <li>d) Ekki er með neinum hætti séð að þörf sé fyrir þá orku sem ætlað er að framleiða.</li> <li>e) Mikilvægt er að eiga gott og víðtækt samráð við alla hlutaðeigandi aðila.</li> </ul>	Umhverfisáhrif Orkuþörf Samráð
15	Norðurhjar	<ul style="list-style-type: none"> <li>a) Skorað er á sveitarstjorn að hafna breytingum á aðalskipulagi vegna óafturkræfra áhrifa á alla ferðamannastaði á Melrakkasléttu.</li> <li>b) Sjónmengun skemmir landslagsheildir, upplifun og ferðamennsku</li> </ul>	Umhverfisáhrif Ásýnd Ferðamennska